

# LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2023

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á miðstigi:

## Draumur

Þú ferð inn í annan heim,  
og veist ekki leiðina heim.  
Þú veist ekki hvort eða hvenær,  
þú kemst heim.

*Hildur Kristín Guðmundsdóttir, 7. bekk Húnaskóla Blönduósi*

## Djúpt í hjarta mér

Djúpt í hjarta mér,  
þar öllum líður vel.  
En sannleikurinn er sá,  
að öðruvísi ég er.

*Vigdís, 5. bekk Borgaskóla*

## Foreldrarnir mínir

Mamma og pabbi eru skemmtileg bæði  
og eru líka algjört æði  
þau eru mig dugleg að styðja  
þegar ég þarf um hjálp að biðja.

*Margrét Dís Arnarsdóttir, 6. bekk Selásskóla*

## Jólin mín

Aðfangadagur er í dag,  
ég vakna og stilli á jólalag.

Syngjandi glöð ég kíki í skóinn,  
úti sé að ekki vantar snjóinn.

Við bjóðum fjöllumni í möndlugraut,  
þau koma öll inn alveg rennandi blaut.

Amma mín möndluna fann,  
hoppandi glöð á rassinn rann.

Jólabaðið er heitt og gott,  
ég verð hrein fín og rosa flott.

Kominn er tími á spariföt,  
meðan mamma eldar svínakjöt.

Neglur mínar ég ætla að lakka,  
fer svo og sósuna hennar mömmu smakka.

Ég er svo spennt að fá mér mat,  
að ég borða alveg á mig gat.

Loksins má ég opna pakka,  
og rosa mörgum ég þarf að þakka.

Þetta var sko frábær dagur,  
Fallegur, hlýr og yndislega fagur.

*Vigdís Hrefna Magnúsdóttir, 5. bekk Selásskóla.*

---

## Heimsfriður

Í þessum heimi eru mörg stríð  
Manneskjur hlaupa um með hníf  
Þó baráttan sé því miður hörð  
Megum við öll vera á þessari jörð  
Jafnvel þó að heimurinn væri að enda  
Það er enn tími til að laga það skemmda

*Hlynur Hugi Bragason, 5. bekk Selásskóla*

---

## Strandarljóð

Það er hvasst,  
trén dansa  
við vindinn.  
Sjórinn er stór  
og öldurnar  
eins og kór.

*Heiðar Örn Ólafsson, 7. bekk Selásskóla*

---

## Veturinn

Snjórinn er kominn í fjöllin  
glitrandi hvít er mjöllin  
Veturinn er kaldur  
Mikið glaður er hann Baldur

*Orri Arnfinnsson, 7. bekk Selásskóla*

---

## Jólaljóð

Úti er farið að snjóa og hvesa  
Það eru að koma jól  
Grýla gamla er algjör skessa  
Hún breytist í stein þegar kemur sól

*Erlendur Fannar Eiðsson, 7. bekk Selásskóla*

---

## Sumarljóð

Síðbúin sólin sígur í sæinn,  
henni líður alltaf best á daginn.  
En skyldi skólin eiga kodda?  
Ætlar þú ekki út að hoppa  
inn í sumarið?

*Elmar Bergþórsson, 7. bekk Selásskóla*

---

## Bryggjudraumur

Sit ég út á bryggju  
og bátarnir sigla í land.  
Öldurnar berja steina  
og mávurinn stingur af.  
Er ég labba til baka  
söngla ég lítið lag,  
sé regnboga  
en sólskinið toppar það.

*Dagmar Guðjónsdóttir, 7. bekk Selásskóla*

---

## Blá stelpa

Á daginn ertu glaður  
en á kvöldin ertu svo blár.  
Þú lítur út eins og þú hafði séð draug  
en það er ekkert þar.  
Ég reyni að tala við þig,  
en þú segir ekki neitt.  
Af hverju vilt þú ekki tala við mig?  
Daginn sem ég hitti þig  
langaði mig að vera þú.  
Þegar þú horfðir á mig  
fannst þér ég vera ógeðsleg.  
Ég vissi ekki af hverju!  
En núna sveiflast handleggirnir um mig.  
Það er svo sárt!  
Er þetta ást?  
Fyrirgefðu, ég er svo miður mín,  
fyrir það sem ég hef gert!  
Fyrirgefðu.

*Cecilia Rut E Þorsteinsdóttir, 7. bekk Háaleitisskóla*

---

## Sannleikurinn

Það sem er heyrt  
er ekki það sem er sýnt.  
Það sem er reynt  
er oftast það sem er fínt.

*Bjarki Freyr Waagfjörð, 7. bekk Háaleitisskóla*

---

## Biddu um miskunn

Við viljum ekki mikið af lífinu.  
Bara smá gleði.  
Það er ekki mikið sem við getum gefið.  
Bara smá ást.  
Stundum mun einhver svíkja okkur!  
Það mun hrista trúna á mannkynið.  
Við skulum eiga von fyrir nágranna okkar.  
Hjálpum þeim í neyð þeirra.  
Við skulum bjóða þeim ást og vináttu.  
Við skulum bjóða okkur fram til þeirra.  
Vegna þess að við þurfum ekki mikið.  
Bara smá gleði.  
Við getum gert svo margt.

Biddu um miskunn.

*Wanessa Kostek, 7. bekk Háaleitisskóla*

---